

1. OKTÓBER 2008



AFLAHEFTI

Fiskistofu

FISKVEIÐIÁRIÐ 1. SEPTEMBER 2007 - 31. ÁGÚST 2008

Aflaheimildir

Í töflunni að neðan sést úthlutað aflamark (og krókaafلامark) fiskveiðisársins 2007/08, sérstakar úthlutanir og aflamark sem flutt var frá síðasta fiskveiðisári. Aflamark til ráðstöfunar sem leiðir af þessum þremur stærðum sést svo í 4. töludálki. Til samanburðar kemur svo fram í töflunni afli fiskveiðisársins í þessum tegundum. Næstu dálkar töflunnar sýna hvernig útgerðarmenn hafa nýtt innbyggðan sveigjanleika í aflamarkskerfinu til að laga aflann að aflaheimildum fiskveiðisársins.



Aflaheimildir fiskveiðisárið 2007/08

Afli upp úr sjó – Þús. tonn

	Aflamarks- og krókaafلامarksskip					Aflamark		Afli
	Úthlutað aflamark	Sérstakar úthlutanir	Frá fyrra ári	Aflamark alls	Afli	Til næsta árs	Tilfærsla	Utan aflamarks
Porskur	122,6	6,0	11,2	139,8	138,6	7,2	0,0	-6,0
Ýsa	95,2	2,7	13,8	111,6	111,1	9,8	4,1	-5,3
Ufsi	72,7	2,0	11,5	86,2	66,9	12,0	-3,7	-0,2
Karfi	57,0	0,0	6,4	63,4	53,6	9,3	-0,8	-0,6
Langa	7,0	0,0	0,6	7,7	6,7	1,0	0,3	0,0
Keila	5,5	0,0	0,4	5,9	6,1	0,5	0,7	0,0
Steinbitur	11,2	0,3	1,1	12,7	15,2	1,3	3,2	-0,6
Skötuselur	2,5	0,0	0,4	3,0	2,9	0,2	0,2	0,0
Grálúða	15,0	0,0	2,9	17,9	9,0	2,8	-2,7	0,0
Skarkoli	6,5	0,1	0,7	7,3	6,1	0,9	0,3	0,0
Þykkvalúra	2,2	0,0	0,1	2,3	2,4	0,2	0,6	0,0
Langlúra	2,4	0,0	0,3	2,7	1,4	0,4	-0,3	0,0
Sandkoli	1,5	0,0	0,3	1,8	0,5	0,2	-0,7	-0,1
Skrápfjúra	1,0	0,0	0,3	1,3	0,2	0,2	-0,5	-0,1
Síld	155,0	0,0	0,0	0,2	0,2	0,0	0,0	0,0
Humar	1,8	0,0	0,0	1,8	2,0	0,0	0,0	0,0
Úthafs-rækja	7,0	0,0	1,0	8,0	1,9	1,1	0,0	0,0
Innfjarðarækja	0,0	0,0	0,0	0,2	0,2	0,0	0,0	0,0

Í aðalatriðum var afli fiskveiðisársins 2007/08 nokkuð í samræmi við aflamark ársins í helstu tegundum. Afli íslenska þorsksins var 138,6 þúsund tonn en aflamark 139,8 þúsund tonn. 7,2 þúsund tonna aflaheimildir í þorski eru fluttar til fiskveiðisársins 2008/09 sem er minna en á fiskveiðisárinu þar á undan, þegar flutt voru 11 þúsund tonn milli ára. Má segja að búið sé að nýta 3,8 þúsund tonn af fyrmingum frá fiskveiðisárinu 2006/07.

Dálkurinn „Tilfærsla“ sýnir nýtingu heimildar til að skipta aflamarki í einni botnfisktegund í aflamark í annari botnfisktegund. Skiptigildið ræðst af þorsgíldisstuðlum tegundanna. Vegna markaðsverðmætis aflamarks í þorski þá er þorskur sjaldan nýttur í tilfærslu í aðrar tegundir og aflamarki annarra botnfisktegunda má ekki breyta í þorski. Af þessu leiðir að tegundatilfærsla í þorski er oftast lítil. Auk mismunar þorskafli og aflaheimilda í þorski þá leiða undanþágur frá aflamarkskerfinu til þess að hægt er að flytja verulegt aflamark í þorski til næsta fiskveiðisárs. Vegna undanþáganna reiknaðist 6 þúsund tonna þorskafli á fiskveiðisárinu 2007/08 ekki til aflamarks. Þar vega þyngst 2,8 þúsund tonn sem eyrnamerkt voru Verkefnasjóði sjávarútvegsins, 1,7 þúsund tonna línuvinnun og 1,3 þúsund tonn af undirnámsþorski. Frádráttur vegna útflytningsálagis sem vegið hefur upp á móti þorskafli sem ekki reiknaðist til aflamarks var afnumið við upphaf fiskveiðisársins.

Tegundatilfærslur fiskveiðisársins 2007/08 voru mestar í ýsu, ufsa og grálúðu.

Veiðitímabil loðnu markast ekki af fiskveiðisári. Þess vegna kemur aflamark í loðnu ekki fram í töflunni. Aflamark í tegundum sem veiðum er stjórnað í samvinnu við önnur ríki er heldur ekki sett fram í töflunni þar sem veiðitímabil þeirra er annað en fiskveiðisárið. Það eru kolmunnur, úthafskarfi, Norðurishafsþorskur, norsk-íslensk síld og rækja af Flæmingjagrundi en þessar tegundir eru bundnar aflamarki.

Í dálkinum „sérstakar úthlutanir“ eru bætur vegna skerðingar afla í hörpudiski og innfjarðarækju, aflamark vegna rannsóknna, aflamark til stuðnings byggðarlögum, aflamark til krókaafلامarksbáta o.fl.

Afli eftir skipaflokkum

Taflan til hægri sýnir afla íslenskra skipa af öllum veiðisvæðum eftir skipaflokkum fiskveiðiárið 2007/08.

Flokkun í togara, báta og smábáta byggir á stærð og gerð skipanna og helstu veiðiaðferð. Í töflunni eru talin til togara stór fjölveiðiskip, sem beitt er jöfnum höndum til veiða með rækjuvörpu og til veiða uppsjávarfiska með nót og flotvörpu. Skipting í báta og smábáta á aflamarki miðast við lengd bátanna. Bátar lengri en 15 m eru taldir „bátar“ en bátar styttri en 15 m teljast „smábátar“.

Heildaraflinn á fiskveiðiárinu 2007/08 var 1.253,3 þúsund tonn. „Bátar“ veiddu að venju mestan afla eða 701,1 þúsund tonn eða 55,9% af heildarafla íslenskra skipa. Togarar voru með 480,0 þúsund tonna afla, smábátar undir aflamarki lönduðu 10,9 þúsund tonnum og krókaaflamarksbátar með 61,3 þúsund tonn. Uppsjávartegundir vega þyngst í afla „báta“. Þorskur og ýsa eru uppi- staðan í afla minni báta, en afli togara er fjölbreyttari.


Kökuritin hér á síðunni sýna hvernig aflinn skiptist hlutfallslega í botnfisk, uppsjávarfisk og krabbadýr. Af heildaraflanum voru 62,9% uppsjávarfiskur, 36,2% botnfisk- tegundir og krabba- og skeldýr 0,9% heildaraflans. Einnig má sjá þarna hver skipting aflans var eftir bátum, togurum og smábátum. Afli krókaaflamarksbáta samanstóð eingöngu af botnfisk- tegundum og var hann 96,2% af afla smábáta.

Afli fiskveiðiárið 2007/08 eftir skipaflokkum

Afli upp úr sjó – Þús. tonn

	Aflamarksskip			Króka- aflamark	Samtals
	Bátar	Togarar	Smábátar		
Þorskur	53,0	50,7	6,6	28,3	138,6
Norðurishafsborskur	8,0	0,0	0,0	0,0	8,0
Ýsa	47,5	40,8	1,5	21,3	111,1
Ufsi	55,1	8,8	0,5	2,5	66,9
Karfi	48,6	4,6	0,0	0,4	53,6
Úthafskarfi	8,5	0,0	0,0	0,0	8,5
Steinbítur	4,4	5,6	0,3	4,9	15,2
Grálúða	9,6	0,2	0,0	0,0	9,8
Skarkoli	1,1	5,3	0,1	0,1	6,6
Annar flattfiskur	0,7	4,5	0,0	0,1	5,4
Annar botnfiskur	9,9	15,1	1,4	3,7	30,1
Samtals botnfiskur	246,3	135,6	10,4	61,3	453,7
Sild	52,8	108,0	0,0	0,0	160,7
Norsk-íslensk sild	67,0	139,4	0,0	0,0	206,4
Loðna	49,0	100,0	0,0	0,0	149,0
Kolmunnir	36,1	128,7	0,0	0,0	164,7
Makrill	27,8	79,2	0,0	0,0	107,0
Samtals uppsjávarfiskur	232,7	555,2	0,0	0,0	787,9
Humar	0,3	1,7	0,0	0,0	2,0
Rækja	0,7	1,2	0,1	0,0	2,0
Rækja af Flæmingjagrunni	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Hörpudiskur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Annar afli	0,0	7,4	0,3	0,0	7,7
Samtals krabba- og skeldýr	1,0	10,3	0,4	0,0	11,7
Heildarafli	480,0	701,1	10,9	61,3	1253,3

Hlutfall afla hvers skipaflokks upp úr sjó (■ Botnfiskur ■ Uppsjávarfiskur ■ Krabba- og skeldýr)



Fimm fiskveiðiár

Afli í helstu fisktegundum

Í töflu til hliðar kemur fram afli íslenskra skipa í helstu tegundum fiskveiðiarin 2003/04–2007/08.

Heildarafllinn á nýliðnu fiskveiðiarinu var 1.253,3 þúsund tonn sem er um 11,8% minni afli en á fiskveiðiarinu 2006/07 og er minnsti afli á heilu fiskveiðiarinu síðan farið var að miða stjórn fiskveiða við tímabilið frá 1. september til 31. ágúst í byrjun árs 1991.

Botnfiskafli dróst verulega saman frá fyrra fiskveiðiarinu. Meginskýringin á því er gríðalegur samdráttur í þorskafli sem var einungis 138,8 þúsund tonn, sem er minnsti þorskafli síðan farið var að miða fiskveiðitímabilin frá 1. september til 31. ágúst. Samdrátturinn frá fiskveiði-

árinu 2006/07 nam tæpum 26%. Ýsuafllinn jókst um rúm 10% og var 111 þúsund tonn og hefur aldrei verið meiri á einu fiskveiðiarinu. Veiðar á úthafskarfa eru í mikilli lægð og var afllinn einungis 8,5 þúsund tonn og dróst saman um rúm 58% frá fiskveiðiarinu 2006/07. Þess má geta að á fiskveiðiarinu 2003/04 var afllinn 40 þúsund tonn.

Afli annarra botnfisktegunda var svipaður og síðustu tvö fiskveiðiarin á undan.

Rækjuveiðar eru enn í mikilli lægð þótt eitthvað glæddist yfir þeim á síðasta fiskveiðiarinu. Afllinn á heimamiðum var 2 þúsund tonn sem er 7% aukning frá aflu á fiskveiðiarinu 2005/06 sem var 1,9 þúsund tonn. Þrátt fyrir þessa aukningu

er þetta afar lítil afli í sögulegu samhengi því fyrir rúmum áratug varð rækjuafllinn mestur 95,1 þúsund tonn og aflaverðmæti rækjunnar var þá fimmtungur af heildar-aflaverðmæti íslenskra skipa en á nýliðnu fiskveiðiarinu var hluturinn einungis 0,3%. Eins og undanfarin ár lá hörpudiskveiði niðri og hafa hörpudiskveiðar ekki verið stundaðar hér við land síðan fiskveiðiaríðið 2001/02.

Verulegar sviptingar voru í uppsjávarafli á síðasta fiskveiðiarinu frá því sem var árið áður. Afli jókst enn eitt árið í Suðurlandsíld og var 160,7 þúsund tonn en var 136 þúsund tonn 2006/07. Þetta er rúmlega 18,8% aukning. Afli jókst einnig í norsk-íslenska síldarstofninum og var 206,4 þúsund tonn á síðasta fiskveiðiarinu en 183,3 þúsund tonn árið áður sem er 12,6% aukning. Heildarsíldaraffli íslenskra skipa á fiskveiðiarinu var því 367,2 þúsund tonn og er þetta mesti síldaraffli íslenskra skipa síðan á svokölluðu síldarárum en árið 1967 var afllinn rúmlega 400 þúsund tonn en hrundi eftir það. Það sem vekur þó mesta athygli er gríðarleg aukning í makrílafli. Á síðasta fiskveiðiarinu var makrílafllinn 107 þúsund tonn en var 36 þúsund tonn á fiskveiðiarinu 2006/07 og einungis rúm 4 þúsund tonn fiskveiðiaríðið 2005/06. Þetta er til marks um breytingar á farhneigð makríl því mest af aflanum fékkst austur af landinu innan landhelgislínu.

Afli íslenskra skipa fiskveiðiarin 2003/04–2007/08

Þús. tonn

Afli upp úr sjó	2003/04	2004/05	2005/06	2006/07	2007/08
Þorskur	219,4	209,2	201,8	186,8	138,6
Barentshafsporskur	4,8	7,5	5,0	6,6	8,0
Ýsa	78,5	97,4	100,4	100,3	111,1
Ufsi	56,3	71,0	78,2	66,7	66,9
Karfi	49,7	60,9	56,5	59,2	53,6
Úthafskarfi	40,0	17,6	22,5	20,6	8,5
Steinbitur	13,3	14,2	16,5	15,8	15,2
Grálúða	15,8	13,0	12,7	10,0	9,8
Skarkoli	5,9	6,2	5,7	6,2	6,6
Annar flatfiskur	10,8	9,5	7,1	7,2	5,4
Annar botnfiskur	20,1	21,5	29,9	28,2	30,1
Samtals botnfiskur	514,5	528,9	536,2	507,7	453,7
Síld	125,7	114,2	103,0	135,3	160,7
Norsk - íslensk síld	89,0	141,2	129,4	183,3	206,4
Loðna	517,5	602,2	193,5	307,7	149,0
Kolmunni	492,0	365,0	319,7	241,6	164,7
Makrill	0,0	0,4	4,0	36,0	107,0
Samtals uppsjávarfiskur	1224,2	1223,0	745,7	904,0	787,9
Humar	1,5	1,9	1,9	1,9	2,0
Rækja	19,3	5,8	1,0	1,9	2,0
Rækja af Flæmingjagrunni	3,9	4,0	3,8	0,0	0,0
Hörpudiskur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Annar afli	12,1	5,8	2,1	4,8	7,7
Heildaraffli	1775,5	1768,6	1290,8	1420,3	1253,3



Veiðarfæraskipting

Skipting afla eftir veiðarfærum

Taflan að neðan sýnir skiptingu afla í tegundum, sem bundnar eru aflamarki, eftir helstu veiðarfærum fiskveiðiarin 2003/04 - 2007/08. Afinn er reiknaður til þorskígilda samkvæmt þorskígildisstuðlum hvers fiskveiðisárs.

Þorskígildi tegundar lýsir í megindráttum aflaverðmæti hennar. Upplýsingar í töflu ná til meira en 95% af verðmæti heildarafla þessara fiskveiðisára.

Á síðasta fiskveiðisári urðu nokkrar breytingar á afla eftir veiðarfærum. Undanfarin ár hefur botnvarpan verið mikilvægasta veiðarfærið en á fiskveiðisárinu 2006/07 dró verulega úr vægi botnvörpu en það jókst aftur á síðasta fiskveiðisári, upp í 45% sem er svipað hlutfall og hafði verið árin þar áður. Vægi botnvörpu í heildaraflaverðmæti jókst því að nýju og er hún sem áður langmikilvægasta veiðarfæri íslenskra skipa. Lína er næst mikilvægasta veiðarfærið líkt og undanfarin ár. Hlutur hennar var 19,3% og dragnót 6,6%. Hlutur „annarra veiðarfæra“ dróst nokkuð saman. Á fiskveiðisárinu 2007/08 var hlutfallið 15,7% en var á fiskveiðisárinu 2006/07 24,3%. Skýringin er minni afli í flotvörpu en mikill hluti aflu uppsjávartegunda og mestallur afli úthafskarfa er veiddur í flotvörpu.

Veiðarfæraskipting helstu botnfisktegunda

Í meðfylgjandi kökuritum er sýnd veiðarfæraskipting aflu helstu botnfisktegundanna fiskveiðisárið 2007/08. Veiðar nokkurra fisktegunda hafa oft verið bundnar tilteknum veiðarfærum. Að venju er mestur hluti kola veiddur í dragnót og ufsa í botnvörpu. Á nýliðnu fiskveiðisári var t.a.m. var 86,8% aflu ufsa veiddur í botnvörpu og 95,5% grálúða.

Verulegar breytingar hafa hins vegar orðið á steinbitsaflu eftir veiðarfærum á undanförunum fiskveiðisárum. Fyrir fáeinum árum var rúmlega 65% steinbitsaflans veiddur með línu en á síðustu árum hefur meira af honum verið veitt í botnvörpu en á línu.


Veiðarfæraskipting aflu íslenskra skipa fiskveiðisárin 2003/04–2007/08

Þorskígildi hvers árs %	2003/04	2004/05	2005/06	2006/07	2007/08
Botnvarpa	41,5%	43,2%	45,0%	40,0%	45,5%
Dragnót	6,8%	6,7%	6,5%	3,6%	6,6%
Handfæri	2,9%	1,7%	1,4%	0,9%	1,0%
Lína	15,7%	17,6%	22,1%	18,4%	19,3%
Net	8,5%	7,9%	6,1%	4,9%	4,7%
Nót	6,6%	7,9%	4,5%	8,0%	7,1%
Annað	18,0%	18,0%	14,3%	24,2%	15,7%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Annars hefur hlutfall aflu einstakra tegunda eftir veiðarfærum ekki breyst verulega síðustu ár, þó er greinilegt að hlutdeild línu í þorskafli hefur vaxið verulega eða úr 21% fiskveiðisárið 2000/01 í 33,4% á nýliðnu fiskveiðisári. Að sama skapi heldur vægi neta áfram að minnka jafnt og þétt.

Veiðarfæraskipting helstu botnfisktegunda fiskveiðisárið 2007/08

■ Botnvarpa ■ Net ■ Handfæri
■ Dragnót ■ Lína ■ Önnur veiðarfæri



Hlýnun sjávar – breytingar í íslenskum sjávarútvegi

Útbreiðsla og stofnstærð nokkurra nytjastofna í hafinu í kringum landið hefur breyst verulega á undanfönum árum vegna hlýnunar sem átt hefur sér stað í sjónum umhverfis landið frá því um 1996.

Verulegar breytingar hafa verið á útbreiðslu suðlægari tegunda á borð við ýsu, lýsu, skötusel, makríl, kolmunna og jafnvel túnfisk. Þar að auki hafa nokkrir þessara fiskistofna stækkað verulega og aflinn að sama skapi aukist. Marktækustu breytingarnar eru meðal annars hjá skötusel sem farinn er að veiðast allt í kringum landið en áður voru veiðarnar að mestu bundnar við suður- og vesturströnd landsins. Ýsuafliinn var á síðasta fiskveiðiári 111 þúsund tonn og hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár en fyrir áratug var aflinn einungis 37,8 þúsund tonn.

Miklar sviptingar hafa einnig orðið á útbreiðslu uppsjávartegunda í Norður-Atlantshafi. Samfara auknum hlýndum um og eftir seinustu aldamót breyttist meðal annars dreifing loðnu, sem er einn helsti nytjastofn Íslendinga, af norrænum uppruna, á þann veg að útbreiðsla hennar hefur færst vestar og norðar en áður. Í framhaldi af því varð mikill aflsamdráttur hjá íslenskum skipum. Á einni af myndunum hér fyrir neðan má sjá loðnuafli á Íslandsmiðum síðastliðna rúma tvo áratugi.


Breytingar hafa einnig orðið á útbreiðslu norsk-íslensku síldarinnar á undanfönum árum. Hlýndin undanfarin ár hafa að öllum líkindinum flýtt fyrir bata stofnsins og valdið því að síldin er farin að ganga lengra vestur inná Norður- og Austurmið. Samfara því hefur afli íslenskra skipa úr

stofninum aukist verulega á síðustu árum þó hann hafi ekki náð því sem var á 7. áratug síðustu aldar.


Makríll sem er suðlæg tegund, eins og áður segir, er farin að ganga líkt og norsk-íslenska síldin í vaxandi mæli inn á íslenskt hafsvæði og hefur skilað sér sem vaxandi meðafli í síldarveiðum íslenskra skipa austur af landinu. Makrílafli íslenskra skipa hefur margfaldast á undanfönum árum. Til að mynda var aflinn á nýliðnu fiskveiðiári 107 þúsund tonn en 36 þúsund tonn árið þar á undan og 4 þúsund tonn fiskveiðiárið 2005/06.

Suðlægar tegundir sem ekki teljast til nytjategunda, eins og litla brosmá og flundra hafa komið í vaxandi mæli í veiðarfæri skipa innan íslensku efnahagslögsögunni og tegundir eins og sænál hafa fundist sem aldrei fyrr við lundaholur í Vestmannaeyjum.


Makrílafli íslenskra skipa fiskveiðiárin 2003/04-2007/08 (í þús. tonna)




Loðnuafli á Íslandsmiðum árin 1984 til 1991 og fiskveiðiárin 1991/91 - 2007/08 (í þús. tonna)



Skötuselsafli á Íslandsmiðum fiskveiðiárin 1992/93-2007/08 (í tonnum)



Ýsuafli á Íslandsmiðum árin 1945 til 1991 og fiskveiðiárin 1992/93-2007/08 (í tonnum)



Flutningur aflahlutdeilda og aflamarks

Tafla til hægri sýnir flutning aflahlutdeilda milli skipa fiskveiðiárin 2003/04–2007/08. Minna var um flutning aflahlutdeilda milli skipa á nýliðnu fiskveiðiári frá fiskveiðiárinu 2006/07. Líklegt er að minni aflaheimildir skýri minni flutning aflahlutdeilda milli skipa á síðasta fiskveiðiári.

Tafla að neðan sýnir flutning aflamarks milli skipa fiskveiðiárin 2005/2006–2007/2008 og sundurliðun viðskiptanna 2007/2008. Flutt aflamark sem hlutfall af heildaraflamarki hefur aukist verulega síðustu fiskveiðiár.



Flutningur aflamarks fiskveiðiárið 2007/08

	Milli skipa í eigu sama aðila	Milli skipa í eigu óskyldra aðila	Fiskeveiðiárið 2007/08 Flutningur samtals	Fiskeveiðiárið 2006/07 Flutningur samtals	Fiskeveiðiárið 2005/06 Flutningur samtals
Þorskur	30.806	36.425	67.231	88.151	94.324
Ýsa	32.644	44.073	76.717	76.985	69.958
Úfsi	32.994	29.000	61.994	62.627	55.404
Karfi	33.055	21.006	54.062	50.248	50.363
Langa	3.102	2.206	5.308	4.612	3.415
Keila	3.610	1.389	4.999	5.968	3.696
Steinbítur	4.816	9.519	14.336	14.023	13.674
Skötuselur	655	1.635	2.290	3.138	2.201
Grálúða	6.488	4.210	10.698	12.074	12.746
Skarkoli	2.979	3.449	6.429	6.506	5.147
Þykkvalúra	1.089	829	1.918	1.969	1.744
Langlúra	1.751	761	2.512	1.774	1.336
Sandkoli	784	602	1.386	1.707	3.342
Skráplúra	714	307	1.020	1.737	3.376
Sild	54.924	42.482	97.406	73.929	45.000
Loðna	47.566	25.258	72.824	97.158	56.000
Humar	224	263	487	509	358
Úthafs-rækja	2.619	4.240	6.859	8.285	12.380
Innfjarðarrækja	0	163	163	0	0
Hörpudiskur	0	0	0	0	0

Ofangreindar tölur miðast við lestir. Aflamark miðast við slægðan fisk þar sem við á. Um veltutölur er að ræða.

Flutningur aflahlutdeilda milli fiskiskipa fiskveiðiárin 2003/04–2007/08

	2003/04	2004/05	2005/06	2006/07	2007/08
Þorskur	19,9%	19,8%	18,3%	25,8%	17,7%
Ýsa	25,0%	30,7%	27,3%	32,7%	19,5%
Úfsi	17,4%	24,7%	21,6%	31,1%	15,2%
Karfi	18,6%	33,2%	30,5%	34,9%	13,4%
Langa	22,9%	31,9%	17,2%	46,8%	19,2%
Keila	27,4%	54,6%	10,2%	71,6%	15,4%
Steinbítur	25,6%	36,6%	24,6%	44,6%	26,3%
Skötuselur	27,2%	27,4%	14,1%	53,3%	18,3%
Grálúða	17,3%	7,3%	19,5%	29,3%	6,4%
Skarkoli	15,2%	23,1%	12,1%	43,9%	17,0%
Þykkvalúra	18,4%	24,3%	17,0%	33,0%	14,9%
Langlúra	7,0%	6,0%	5,7%	30,7%	18,1%
Sandkoli	16,6%	24,8%	25,2%	37,2%	8,8%
Skráplúra	30,0%	18,0%	9,7%	25,7%	24,5%
Sild	33,5%	18,7%	2,2%	56,7%	50,1%
Loðna	10,9%	16,7%	7,9%	38,7%	32,7%
Humar	27,6%	10,4%	7,4%	24,6%	25,1%
Úthafs-rækja	43,5%	32,1%	44,1%	30,2%	41,5%

Hlutfall af heildaraflahlutdeild. Um veltutölur er að ræða.





AFLAHEFTI

Fiskistofu

Hér eru teknar saman bráðabirgðatölur um veiðar og afla Íslendinga á nýliðnu fiskveiðarári og samanburður gerður við fyrri fiskveiðarár. Þessar tölur kunna að breytast þegar endanlegar tölur Hagstofu um afla liggja fyrir síðar. Vakin er sérstök athygli á að aflatölurnar miðast við fiskveiðarár, þ.e. tímabilið 1. september ár hvert til 31. ágúst næsta ár.



FISKISTOFA

Dalshrauni 1 • 220 Hafnarfirði
Sími 569 7900 • Fax 569 7991
www.fiskistofa.is